

## Fundur haldinn í skólaráði 21. maí 2019

Fundinn sátu Brynja Rut Sigurðardóttir og Arna Björk Þórðardóttir fulltrúar foreldra, Magnea Einarsdóttir skólastjóri, Katrín Dagmar Jónsdóttir fulltrúi kennara, Margrét Thoroddsen fulltrúi kennara ásamt tveimur fulltrúum nemenda.

Í upphafi fundar talaði skólastjóri um viðurkenningar sem Snillismiðjan okkar hefur fengið í vetur. Kópinn frá menntasviði Kópavogsbæjar og viðurkenningu frá Heimili og skóla fyrir að bjóða foreldrum að taka þátt í snillismiðju.

Skólastjóri sagði frá því að einn kennari og tveir 9.bekkingar, strákur og stelpa, væru á leið til Finnlands til að taka þátt í ráðstefnu um umhverfismál. Ungt fólk frá mörgum löndum mun sitja ráðstefnuna og í lokin munu ungmennin undirrita umhverfissáttmála.

Snælandsskóli stefnir að því að verða Réttindaskóli Unicef. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.

Breytingar verða á valinu næsta skólaár og hafa þær verið kynntar fyrir nemendum á unglingsstigi.

Ráðingar á kennurum fyrir næsta skólaár hafa gengið vel og er nú fullmannað í allar stöður.

Skólaferðir nemenda í 7. og 9. bekk voru til umræðu. Það þarf að setja skýrar geglum um þessar ferðir. Foreldrafulltrúarnir telja að best sé að skólinn sjái um að panta ferðirnar og gera þarf foreldrum og nemendum grein fyrir að þessar ferðir eru partur af skólastarfinu. Skólastjóri hefur þegar pantað ferðir fyrir næsta skólaár að Laugavatni, 27.-31. janúar fyrir 9.bekk og 9.-13.mars fyrir 7.bekk.

Foreldrafélagið ætlar að beita sér fyrir Batta velli við skólann.

Anna Mjöll Sigurðardóttir ritari.